

10.09.2022–19.02.2023

Unndór Egill
Jónsson
Asmundur
Sveinsson
Eftir
stórhriðina
After the
Blizzard

Árið 2013 var ilmbjörk, íslenskt birki í garði Ásmundarsafns, útnefnt borgartré Reykjavíkur. Ingrid Sveinsson, eiginkona Ásmundar, og Anna Sveinsdóttir, systir hans, gróðursettu tréð á hvítasunnu árið 1944.

Fyrir nokkru síðan fór listamaðurinn Unndór Egill Jónsson í garðinn í kringum Ásmundarsafn og tók birkifræ úr trjánum sem hann svo sáði á landi sínu í Hvalfirði. Þar vaxa nú lítil birkitré sem eiga uppruna sinn í garði Ásmundar.

Skógræktin og Landgræðslan standa fyrir átaki í að breiða út birkiskóga landsins og óska eftir stuðningi landsmanna við söfnun og sáningu fræja. Átakið er liður í því að útbreiða á ný birkiskóglendi sem þakti hið minnsta fjórðung landsins við landnám. Á rýru landi er gjarnan kolefnislosun því þar er gamall jarðvegur enn að rotna. Endurheimt birkiskóga hefur í för með sér endurreisn líffræðilegrar fjölbreytni og vistþjónustu skóganna, svo sem vatnsmiðlunar, frjósemi og kolefnisbindingar. Þar sem skógar breiðast út um skóglaut land með rýrum jarðvegi getur heildarbinding kolefnis orðið bæði mikil og langvarandi ekki síst í jarðvegi. Birki-skógar geta dregið úr áföllum vegna náttúruhamfara, t.d. með því að binda eldfjallagjóska þannig að hún nái ekki að fjúka og valda skaða á gróðri, jarðvegi og mannvirkjum. Þá verja birkiskógar jarðveg fyrir rofi af völdum vatns, vinda og skriðuhlaupa enda varð hin mikla jarðvegseyðing, sem átt hefur sér stað hér á landi, í mörgum tilvikum í kjölfar eyðingar skóga og kjarlendis.

(Upplýsingar fengnar af birkiskogur.is og „Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga: Skýrsla og tillögur nefndar“, Umhverfissráðuneytið, mars 2007).

In 2013, a white birch, an Icelandic birch tree in the Ásmundarsafn garden, was selected as the City Tree of Reykjavík. Ingrid Sveinsson, Ásmundur's wife, and his sister, Anna Sveinsdóttir, planted the tree on Whitsun 1944.

A while ago, Unndór took some birch seed from the trees around Ásmundarsafn and sowed them on his own land in Hvalfjörður. Thus, birch trees from Ásmundur's garden have started growing there.

The Iceland Forest Service and the State Soil Conservation Service have initiated an effort to spread birch woods around Iceland and look for Icelanders' support in collecting and sowing seeds. This effort is meant to help birch woods, that grew on at least one fourth of the country at the time of the settlement, spread out again. Barren land often comes with carbon emission as there is old soil, still rotting. The recovery of the birch woods brings about the reconstruction of biological diversity and the ecological system in the woods, such as water distribution, fertility and carbon capture. Where woods grow on empty land with barren soil, the overall capture of carbon can become both huge and permanent, not least in the soil. Birch woods can reduce harm caused by natural disasters, for example by capturing volcanic ash so it doesn't blow away, causing damage to vegetation, soil and manmade constructions. They also protect the soil from erosion caused by water, wind and landslides; the great erosion that happened in Iceland often followed the destruction of woods and scrubland.

(Information from birkiskogur.is and "The Protection and Recovery of Icelandic Birch Woods: Report and Committee Proposals," Ministry for the Environment, March 2007).

Unndór Egill Jónsson Ásmundur Sveinsson Eftir stórhriðina

Þegar kemur að því að greina samtímann og glöggva sig á tíðarandanum getur reynt gjöfult að líta til sögunnar. Mikilvægt er að sjá fortíðina í ljósi samtímans, en einnig öfugt; að bera daginn í dag saman við það sem á undan er gengið, vega og meta hlutina og fá þannig skýrari mynd eða ný sjónarhorn. Ásmundur Sveinsson komst svo að orði:

„Ég get ómögulega séð að fortíð og nútíð séu í andstöðu hvor við aðra. Stórflytjótin hætta ekki að streyma, þó að kvíslarnar falli í þau. (...) Án nýrra verka, án nútímans, hættir fortíðin að vekja áhuga. Þá verður hún að uppistöðulóni sem þornar í mollunni“ (Matthías Johannessen, Bókin um Ásmund, bls. 34).

Ásmundur Sveinsson (1893–1982) og Unndór Egill Jónsson (1978) eru myndhöggvarar tveggja tíma. Annar var fæddur að Kolsstöðum í Dalasýslu undir lok 19. aldar og starfaði í landslagi þeirrar uppbyggingar, frampróunar og tæknivæðingar sem módernisminn boðaði. Hinn lauk myndlistarnámi árið 2011 og er hluti af kynslóð sem stendur frammi fyrir því að vinda ofan af offari fyrri kynslóða. Titill sýningarinnar *Eftir stórhriðina* er fenginn úr bréfi sem Ásmundur skrifaði móður sinni frá Kaupmannahöfn árið 1920 en þar lýsir hann verki sem hann vinnur að og sýnir „lík sem liggur hálf á kafi í snjó“. Verkið hefur því miður ekki varðveist en hann nefnir það þessu myndræna heiti, *Eftir stórhriðina*. Í samhengi sýningarinnar má líta á stórhriðina sem þá hringiðu breytinga sem urðu á 20. öld á öllum sviðum mannlegrar tilvistar og sem listsköpun Ásmundar endurspeglar. Hugmyndafræði þess tíma hefur getið af sér upplausnarástand sem nú ríkir, einkum í umhverfismálum, og Unndór tekst meðal annars á við í verkum sínum.

Maður og náttúra

Báðir eru Ásmundur og Unndór sérhæfðir á sínu sviði, miklir handverks- og hugsjónamenn. Nokkrir þættir öðrum fremur tengja þá og listsköpun þeirra; notkun á efnivið, þar sem viður leikur stórt hlutverk, hreyfingin og hreyfanleikinn sem gjarnan er til staðar í verkum þeirra, og svo sýn þeirra á og innblástur frá náttúrunni við sköpun verka.

Þegar litið er yfir feril Ásmundar sjást glögglega áhrif íslenskrar náttúru. Hún var grundvallarþema í list hans og honum stöðugt hugðarefni. Náttúrutengd þemu birtast á ýmsa vegu í verkunum en ferill hans var langur og hann gekk í gegnum hin ýmsu tímabil

og þróaði stíl sinn og afstöðu. Framan af birtu verk Ásmundar gjarnan verkafólk við iðju sína; vinnandi fólk líkt og vatnsbera, garðyrkjumann eða konu að strokka, þar sem náttúran er uppspretta lífs og veitir fólkinu farborða. Náttúran er lífgjafi sem maðurinn reynir að beisla og nýta sér til gagns og viðurværis. Í öðrum verkum birtist náttúran sem eyðandi kraftur, illviðráðanleg og grimm þar sem náttúruöflin ráða för og maðurinn þarf að lúta í lægra haldi fyrir þeim örlögum sem náttúran skapar honum. Þar undir heyrir hið glataða verk, *Eftir stórhriðina*.

Ásmundur taldi að myndlist ætti að vera áróðurstól og ætti að vekja fólk til umhugsunar, þar á meðal um náttúruna og það land sem við byggjum: „Ef við glötum hafinu, verður ólíft hér. Öll list á að efla manninn í baráttu hans, brýna hann til átaka. List er áróður. (...) Hún á að vekja, en ekki sefja“ (Matthías Johannessen, Bókin um Ásmund, bls. 52).

Verk Ásmundar á sýningunni eru flest unnin á 5. og 6. áratug 20. aldar. Í þeim eru maðurinn og náttúran ekki birt sem andstæð öfl heldur renna þau saman í eina óhlutbundna heild.

Verkin hafa yfir sér lífræna ásýnd, sem í mörgum þeirra er undirstrikuð með notkun viðar, og greina má mannlíkamann, hendur, fætur, höfuð, sem renna saman við náttúruleg form. Náttúran er hér ekki sem eyðandi afl heldur sameinast lífskrafturinn mannum. Í verkunum er Ásmundur farinn að grafa inn í massann sem einkenndi hin fyrri verk hans, formin fara að opnast og massinn að leysast upp.

Þó að verkin virðist óhlutbundin bera þau flest öll titla sem ljá verkunum dýpri merkingu og varpa ljósi á hugðarefni listamannsins – *Svörtu skýin*, *Tónar hafsins*, *Öldugjálfur* – allt eru þetta titlar sem vísa í náttúruna eða veðráttu. Í verkunum *Í tröllahöndum* og *Höfuðlausn*, þar sem sést móta fyrir tröllslegum verum, eru þær ígildi fjalla. Sólin er gegnumgangandi sem ósýnilegt afl í mörgum verka Ásmundar en hún er forsenda lífs á þessari jörðu og sú sem glæðir allt lífi. Í verkinu *Eikin* sjást verur teygja sig í átt til sólar og reyna að fanga orkuna og kraftinn sem stafar frá sólinni. Í verkinu *Vatnsorka* er hafið birt sem myndhöggvari, þ.e. orka vatnsins er sýnd sem kona að hefла klettinn. Í bókinni *Náttúra / Náttúra frá árinu 1994* bendir Gunnar B. Kvaran á þá áskorun sem hér birtist og sem Ásmundur tókst ítrekað á við í verkum sínum;

að sýna „lifandi efni með dauðu efni, hreyfingu með hreyfingarleysi, hið óefniskennda með efni“. Síðasti farfuglinn sker sig frá öðrum verkum á sýningunni en það er gert undir lok 6. áratugarins og er samsett úr járn og kopar. Verkið er eitt af mörgum hreyfanlegum verkum sem Ásmundur gerði um ævina.

„Ég held með birkinu“

Aðalefniviður Unndórs er íslenskt birki sem hann vannur úr stórar innsetningar, skúlptúra og húsgögn.

Birkið á sér langa sögu hér á landi og leikur stórt hlutverk í flóru landsins. Það er eina tréð á Íslandi sem vex í skóga og óx hér villt áður en land byggðist. Eftir landnám voru birkiskógarnir fyrstu kynslóðum auðlind sem íbúar nýttu, bæði menn og búfænaður. Svo fór að birkið vék smám saman og var lengi vel illa komið fyrir því. Síðustu ár hefur verið gert mikið átak í að breiða út birkiskóga á ný, meðal annars með fræsöfnun og sáningu. Á rýru landi getur kolefnislosun verið mikil því að þar er gamall jarðvegur að rotna en ef landið klæðist birkiskógi stöðvast þessi losun og binding hefst í staðinn.

Unndór hefur lengi verið stuðningsmaður birkisins og „heldur með því“ eins og hann orðar það. Í verkum hans mætist hið villta og hið tamda en að mati Unndórs hefur viðurinn báða þessa eiginleika og er því kjörinn til að vinna með. Í húsgögnum sem hann smíðar nostursamlega rennur listhluturinn saman við nytjahlut. Bekkur og tímaritastandur með innbyggðum lampa eru húsgögn gerð til þess að þjóna sínum tilgangi og eru gædd þeim eiginleikum sem þarf til þess að halda uppi manneskju, bera blöð og gefa frá sér birtu. Þessir praktísku eiginleikar eru svo samofnir náttúrunni í efniviðnum og í lífrænum öngum sem teygja úr sér líkt og trjágreinarnar.

Verkið *Hefilspónadrífa* er manngert tré úr náttúrulegum efnivið, raunar tré úr tré, sem teygir lífræna og kræklótta anga sína um umhverfi sitt. Ólíkt villtum trjám bærast það ekki með veðri og vindum en innbyggð í tréð er þó annars konar hreyfing - vélræn hreyfing færubands sem flytur spæni í eilífri hringrás upp greinar trésins og fellur svo mjúklega aftur í farveginn og minnir á létta snjókomu í stillu. Hringrásin getur ekki af sér neina niðurstöðu eða afurð heldur er hún sífellt ferli sem líður áfram óáreitt.

Við enda „Skemmunnar“, hinnar bogadregnu viðbyggingar sem áður var vinnustofa Ásmundar, hangir úr loftinu óræður strúktúr. Form hans virðist óhlutbundið og hann hangir úr loftinu og gefur þannig til kynna að við séum stödd einhvers staðar „fyrir neðan“. Við sjáum ekki skúlptúr heldur rót af skúlptúr. Jafnframt gæti formið vakið hugrenningatengsl við lögunina á neðri hluta ísjaka; það sem alla jafna sést ekki á yfirborðinu. Innra byrðið er haganlega smíðað með viðeigandi útreikningum og byggt upp af geómetrískum formum. Af því sem síðan fyrir augu ber stafar ríkri efniskennnd og tengingu við hið lífræna og jarðneska en strúktúrinn er þakinn berki, sýnilegu yfirborðslagi trjáa.

Verk Unndórs hafa yfir sér léttleika en þó með undirtóni sem kallar fram vangaveltur um stöðu náttúrunnar og lífs á jörðinni á óvissutímum þeirrar manndar sem við nú lifum. Í heimi þar sem allt er fallvalt, gróðureldar geisa, hitamet eru slegin og sífreri bráðnar, gerir Unndór tilraun til að endurgera náttúrulega þætti sem eiga á hættu að hverfa með hlýnun jarðar, líkt og snjókomu og ísjaka.

Aldís Snorradóttir & Edda Halldórsdóttir,
sýningarstjórar

Unndór Egill Jónsson Ásmundur Sveinsson After the Blizzard

When analysing the present and discerning the zeitgeist, it is often useful to look back. It is important to view the past in light of today, but also reverse; to compare today with the past, ponder things and thereby get a clearer picture, a new angle. In the words of Ásmundur Sveinsson:

„I can't understand how the past and the present should be opposites. Major rivers don't stop flowing even if the distributaries flow into them. (...) Without new works, without the present, the past ceases to be interesting, it becomes a reservoir which dries up in drought” (Matthías Johannessen, *Bókin um Ásmund*, pg. 34).

Ásmundur Sveinsson (1893–1982) and Unndór Egill Jónsson (1978) are sculptors from two different periods. One of them was born at Kolsstaðir, Dalasýsla, at the end of the nineteenth century, and was active in the atmosphere of industrial development, progress and technological advances that modernism brought. The other graduated from art school in 2011, he is a part of the generation who is faced with undoing the damage done by previous generations. The exhibition title, *After the Blizzard*, comes from a letter Ásmundur wrote to his mother from Copenhagen in 1920, where he describes a piece he is working on as depicting “a dead body, half-buried in snow”. Unfortunately, the work is lost but he gave it the picturesque title, *After the Blizzard*. In the context of the exhibition, the blizzard can be interpreted as the whirlwind of change that happened in the 20th century, in all areas of human existence, and is reflected in Ásmundur's art. The ideology of this period begat the environmental chaos we now face and Unndór deals with in his work, among other things.

Man and Nature

Ásmundur and Unndór are both specialized in their field, great craftsmen and idealists. A few of the things that connect them and their art are their use of material, where wood plays a large part, the movement and mobility often present in their works, and their view on, and inspiration from, nature.

When looking at Ásmundur's career, the effect of Icelandic nature is apparent. It was the central theme in his art and always on his mind. Nature subjects appear in various ways in his work, but he had a long career, went through many phases, and his style and position underwent many changes. In the beginning, Ásmundur's work often depicted working people in action, people like

water carriers, gardeners, or a woman churning butter, where nature is the source of life and helps people survive. Nature gives life, man tries to harness it and make use of it. In other works, nature appears as a destructive element, uncontrollable and cruel, forces of nature are in charge and man has to abide by whatever destiny nature assigns him. The lost work, *After the Blizzard*, is an example of the latter.

In Ásmundur's view, art was supposed to be a tool for propaganda, it was meant to get people thinking, for example about nature and our surroundings: “If we lose the sea, we can't live here. Art is supposed to strengthen man in his struggles, egg him on. Art is propaganda. (...) It should wake people up, not hypnotise them” (Matthías Johannessen, *Bókin um Ásmund*, pg. 52).

Most of Ásmundur's works in this exhibition date from the 1940s and 50s. Here, man and nature are not shown as opposite forces, but merge in one abstract whole. They have an organic appearance, which is often underlined through the use of wood, and you can see the human body, hands, feet, head, merging with natural forms. Nature is not a destructive force in these works, instead its vitality joins with man. Here, Ásmundur has started carving into the mass that was characteristic for his earlier works, the forms have started to open, the mass is dissolving.

Although the works appear abstract, most of them have titles which lend them a deeper meaning and cast a light on the artist's areas of interest – *Black Clouds*, *Sounds of the Sea*, *Rippling of the Waves* – all these titles reference nature and the weather. In his works *In the Troll's Hands* and *Head Ransom*, where gigantic figures can be seen in the form, the trolls represent the mountains. The sun is a recurring, invisible force in many of Ásmundur's pieces, it is the prerequisite for all life on earth, it makes everything come alive. In his work, *The Oak*, you can see creatures reaching towards the sun, trying to capture its energy and power. In the sculpture *Hydroelectric Power*, the ocean is depicted as a sculptor, that is, the power of the water takes the form of a woman who is planing the rock. In the 1994 book *Náttúra / Náttúra*, Gunnar B. Kvaran points out the challenge involved in this, one that Ásmundur repeatedly took on in his art; to show “living material alongside dead material, movement with immobility, the immaterial with material”. *The Last Migratory Bird* is different from other works in this exhibition, it was created

towards the end of the 1950s, from iron and copper. It is one of many moveable works that Ásmundur created during his career.

“I’m on the Birch’s Side”

Unndór’s main material is Icelandic birch, which he uses for large installations, sculpture and furniture. Birch has a long history in Iceland and is a big part of the country’s flora. It is the only tree type that forms forests in Iceland and grew wild here before the country was settled. The trees were a source that the first generations of settlers made great use of, both men and animals. Eventually, the birch succumbed to its exploitation and for a long time it was close to disappearing. In recent years, people have made a huge effort to bring it back, for example through collecting seeds and sowing them. In barren land, there can be huge carbon emission, because of rotting, old soil, but if a birch wood is cultivated, this emission stops and the land starts capturing carbon instead.

Unndór has long been a great supporter of birch, he is “on its side”, as he puts it. His works are a meeting point between the wild and the tamed, according to the artist birch has both those qualities and is therefore ideal material. In his meticulously built furniture, art merges with utility. A bench or a magazine rack with a built-in lamp are furniture meant for using, they have what it takes to carry a person’s weight, store magazines, give light. These practical characteristics are then intertwined with nature through the material and through organic sprouts that stretch into the air like twigs.

Unndór’s work *Hefilspónadrífa* (A Downpour of Wood shavings) is a manmade tree from natural material, a tree made from tree, stretching its organic, twisted sprouts around its surroundings. Unlike wild trees, it doesn’t move in the wind but it has a built-in movement of another sort – a mechanical movement of a conveyor belt that moves wood shavings in an endless cycle, up the branches of the tree, where it falls down softly and reminds us of light snowfall in beautiful, calm weather. The cycle has no end result, it is a constant process, uninterrupted.

At the end of “The Shed”, the U-shaped extension, previously Ásmundur’s study, an inscrutable sculpture hangs in the air. It appears abstract, it hangs from the ceiling and indicates our position as being “below”. We don’t see a sculpture but the roots of a sculpture. The form could also evoke an association with the bottom half of an iceberg, the part that is normally submerged. The inner layer is skilfully crafted with proper calculations and based on geometric forms. What we see emits a rich materiality and a connection to the organic, the earthly, and the structure is covered with bark, the visible outer layer of trees.

Unndór’s works have a lightness about them, but their undertone evokes speculations about the condition of nature and life on earth during the uncertain Anthropocene we are now living. In a world where everything is short-lived, forest fires rage, record temperatures are registered and the permafrost is melting, Unndór attempts to recreated natural elements that are in danger of vanishing through global warming, such as snowfall and icebergs.

Aldís Snorradóttir & Edda Halldórsdóttir, curators

Gestir sýningarinnar eru hvattir til þess að leggja sitt af mörkum við útbreiðslu birkis.

Hér eru góð ráð við sáningu

Sáning birkifræs að hausti eða snemma vors

- Á yfirborð
- Þjappa fræið niður, t.d. með því að ganga yfir svæðið
- Lítið á hvern blett
- Veljið staði þar sem ykkur sýnist helst vera einhver raki til staðar
- Setjið fræ ekki í beran sand eða bera mold

Hentug sáningarsvæði

- Hálfgróin holt og hálfgrónar skriður
- Landgræðslusáningar þar sem gróður er tekinn að gisna
- Gisnar lúpínubreiður
- Svæði þar sem gróðursvörður hefur rofnað vegna beitar og annað hálfgróið land með stöðugu jarðvegsyfirborði

Óhentug sáningarsvæði

- Mjög þéttar lúpínubreiður
- Algrónir móar
- Algróið graslendi
- Þykkar mosabembur
- Annað algróið land með þéttum gróðri

Nánari upplýsingar og fróðleik má nálgast á birkiskogur.is

Þakkir fyrir samstarf við miðlun fróðleiks og öflun fræja: Landgræðslan, birkiskogur.is og Magnús Þór Einarsson.

Visitors are encouraged to participate in the sowing of birch trees.

Here is some advice regarding sowing

Sowing Birch Seeds in Autumn or Early Spring

- On the surface
- Press the seeds down, for example by walking across the area
- Small amount on each spot
- Choose a place with some humidity
- Do not put seeds in dry sand or dry soil

Suitable Areas for Sowing

- Partly vegetated hillocks and landslides
- Previously sown areas where the vegetation has become sparser
- Sparse lupine spreads
- Area where the turf has been broken because of grazing and other partly vegetated land with a firm surface

Non-suitable Areas for Sowing

- Very dense spreads of lupine
- Fully vegetated moors
- Fully vegetated grassland
- Thick moss
- Other fully grown land with dense vegetation

More information can be had at birkiskogur.is

Thanks for collaboration and seed collection: The State Soil Conservation Service, birkiskogur.is and Magnús Þór Einarsson.

Um listamennina

Unndór Egill Jónsson (1978) útskrifaðist með BA-gráðu frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2008 og lauk MFA-námi frá Valand School of Art í Gautaborg árið 2011. Undanfarin ár hefur hann sýnt bæði á Íslandi og erlendis, meðal annars á samsýningunum *Momentum Design* í Moss í Noregi árið 2010, *Ríki – Flóra, fána, fabúla* í Listasafni Reykjavíkur árið 2016, í Estonian Museum of Contemporary Art í Tallinn í Eistlandi árið 2018 og á sýningunni *Abrakadabra* í Listasafni Reykjavíkur árið 2021. Árið 2020 hélt Unndór einkasýninguna *Cul de Sac* í Kling & Bang í Marshall-húsinu.

Ásmundur Sveinsson (1893–1982) var á meðal frumkvöðla íslenskrar höggmyndalistar og einn þeirra sem kynntu fyrir Íslendingum nýjar hugmyndir í myndlist 20. aldar. Ásmundur sótt innblástur í íslenskar sagnir og þjóðtrú en samfélagið og tækniframfarir 20. aldar voru honum einnig ríkuleg uppspretta hugmynda. Verk Ásmundar eru á opinberum stöðum víða um land og setja svip sinn á Reykjavík. Hann hélt alla tíð tryggð við þá afstöðu að listin ætti erindi til fólksins og ætti heima á meðal þess. Ásmundur ánafnaði Reykjavíkurborg verk sín ásamt heimili sínu eftir sinn dag. Ásmundarsafn við Sigtún var opnað formlega vorið 1983 og hafa þar verið settar upp fjölbreyttar sýningar.

About the Artists

Unndór Egill Jónsson (1978) graduated BA from the Fine Arts department at Iceland University of the Arts in 2008 and finished an MFA from Valand School of Art in Gothenburg in 2011. In recent years, he has participated in exhibitions in Iceland and abroad, including the group exhibition *Momentum Design* in Moss, Norway 2010, *Kingdom, Flora, Fauna, Fable* at Reykjavík Art Museum 2016, in the Estonian Museum of Contemporary Art in Tallinn 2018, and *Abrakadabra* at Reykjavík Art Museum 2021. In 2020, Unndór had a solo exhibition, *Cul de Sac*, in Kling & Bang in the Marshall Building.

Ásmundur Sveinsson (1893–1982) was among the pioneers of Icelandic sculpture and one of those who introduced the Icelandic people to new ideas in art in the 20th century. Ásmundur was inspired by Icelandic myths and folk beliefs, but the society and technological advances of his time were also a great source of ideas for his work. Ásmundur's art can be found in public places around the country, many in Reykjavík. He always held fast to his belief that art was meant for the people and belonged among it. Ásmundur bequeathed his work and his home to the city of Reykjavík after his death. Ásmundarsafn by Sigtún was formally opened in spring 1983 and has been the home of various exhibitions ever since.



Ásmundarsafn
Sigtúni
Reykjavík
+354 411 6430

Opið maí–sept.
Frá 10.00 til 17.00
Open May–Sept.
10h00–17h00

Opið okt.–apríl
Frá 13.00–17.00
Open Oct.–April
13h00–17h00

listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is
#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum

Myndlistarsjóður
Icelandic Visual
Arts Fund

